

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari
Dags. 5. desember 2018
Mnr. 2017020028



ÍSAFJARÐARBÆR

Vegna uppbyggingasamninga við Hendingu

Ísafjarðarbær og Hestamannafélagið Hending gerðu með sér samkomulag til að skapa í sameiningu frambærilegar aðstæður til iðkunar hestaiþrótt í Engidal, þann 19. júní 2017. Eins og fram kemur í formála samkomulagsins nær það til byggingar á reiðskemmu á svæði Hendingar, sem mun æta verulega aðstæður til íþróttaiðkunarinnar, sér í lagi yfir vetrarmánuðina.

Í 5. gr. kemur fram að miðað sé við að uppbygging keppnisvallar og tilheyrandi aðstöðu á útsvæði verði gerð á grunni uppbyggingasamnings milli Hendingar og Ísafjarðarbæjar. Í greininni segir enn fremur:

„Hending verður með umsjón og framkvæmd á sinni hendi og leggur að auki til vinnuframlag. Ísafjarðarbær leggur til í verkefnið það jarðefni sem nýta má úr nálægum námum í eigu sveitarfélagsins og þarf til að fullbúa vallamannvirkin. Gerður verði uppbyggingasamningur, á sama grunni og almennt gildir um uppbyggingarsamning við félög í HSV, sem tekur nánar til aðkomu aðila að þessum áfanga. Skal sá uppbyggingasamningur frágenginn og undirritaður í síðasta lagi í febrúar 2018. Fjárhæð uppbyggingasamninga um íþróttamannvirki takmarkast við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar hverju sinni.“

Í fjárfestingaráætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir samtals 6 milljónum króna í uppbyggingasamninga, af þeim er 3 milljónum þegar úthlutað samkvæmt uppbyggingasamningi til 3ja ára.

Á 417. fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 3. maí 2018 var tekin fyrir tillaga að rammasamningi um uppbyggingasamning við hestamannafélagið. Meirihluti bæjarstjórnar samþykkti að lýsa yfir vilja til að gerður yrði uppbyggingasamningur við Hestamannafélagið Hendingu vegna ársins 2018 með 3ja milljóna króna framlagi Ísafjarðarbæjar og að hann yrði lagður fyrir bæjarráð ásamt nauðsynlegum viðauka við fjárhagsáætlun.

Bæjarstjóra var síðan falið að gera breytingar á tillögu að uppbyggingasamningi, á fundi bæjarráðs 14. maí 2018. Málið var síðan aftur tekið upp 2 vikum síðar á bæjarráðsfundi og framlögðum uppbyggingasamningi vísað til afgreiðslu í nýrri bæjarstjórn. Á 420. fundi bæjarstjórnar var málinu frestað.

Á 1038. fundi bæjarráðs, sem haldinn var 12. nóvember sl., fóru að nýju fram umræður um uppbyggingasamning við Hestamannafélagi Hendingu og var bæjarstjóra falið að ræða við forsvarsmenn Hendingar á grundvelli umræðna á fundinum. Guðmundur Gunnarsson,

bæjarstjóri, gerði formanni hestamannfélagsins grein fyrir niðurstöðum í samræmi við umræður á fundinum.

Með tölvupósti Marínós Hákonarsonar, formanns Hestamannfélags Hendingar, dags. 29. nóvember sl. óskar hann eftir formlegri afstöðu meirihluta Bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar á því að ekki verði gerður uppbyggingasamningur við hestamannafélagið.